**Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2026-2027**

**Námsgrein**: Íslenska **Árgangur**: 2. bekkur

**Kennari**: Arna Guðbjörg Matthíasdóttir **Netfang**: arnam@klaustur.is

**Almennt:** Hæfniviðmiðin í íslensku eru sett fram í fimm flokkum: Talað mál, hlustun og áhorf, lestur, bókmenntir, ritun og málfræði. Mikilvægt er að líta á hæfniviðmiðin sem eina samfellda heild þó að þau séu í fimm flokkum. Þegar sjónum er beint sérstaklega að einu hæfniviðmiði þarf að hafa í huga að nám er samfellt ferli og skapandi athöfn, fremur en söfnun afmarkaðrar þekkingar og þjálfun í tiltekinni leikni. Nám er samþætt heild sem og íslenskukennslu er hluti af samofinni heild þar sem hver flokkur hefur gagn af hinum, innan og á milli námsgreina og námssviða, sem gefur tækifæri til heildstæðrar verkefnavinnu og samþættingar.

**Helstu markmið:** Megintilgangur náms og kennslu í íslensku er að nemendur fái tækifæri til að efla málnotkun, tjáningu og sköpun í töluðu og rituðu máli, nota málið og kynnast mætti þess og fjölbreytileika í daglegu lífi, leik og starfi. Með tungumálinu hugsar fólk, talar, miðlar og lærir, þróar sjálfsmynd sína, tjáir tilfinningar og hugsanir og skilur líðan og hugsun annarra.
Helstu markmið íslenskukennslu í 2. bekk eru að nemendur halda áfram að byggja á þeirri undirstöðufærni sem nemendur tileinkuðu sér í 1. bekk s.s. lestri, skrift og ritun. Nemendur æfa sig að draga rétt til stafs og geti skrifað stuttar setningar og texta. Nemendur æfi framsögn og tjáningu frammi fyrir hóp. Nemendur þróa áfram lestrargetu sína og áhuga með auknum yndislestri og vinalestri.

**Hlekkur á Aðalnámskrá:** https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024

**Námsgögn:** Ritrún 1, Litla Lesrún, Skrift 1b, lestrarbækur, sögubók, skriftarbækur, úrklippubækur og lestrarsprettir.

| Tímabil | Verkefni | Kennsluaðferðir | Tenging við hæfniviðmið |
|---|---|---|---|
| **Haustönn:**<br><br>Ágúst | Ritrún: Stafrófið<br>- Læra stafrófslagið<br>- Saga um sumarfrí<br>- Æfum 10 af 100 algengustu orðunum | Lesa fyrir kennara.<br><br>Semja texta frá eigin brjósti.<br><br>Lesa- segja frá eigin reynslu. | **Framsögn**<br>beitt skýrum og áheyrilegum framburði<br><br>**Tjáning**<br>sagt frá atburði eða fyrirbæri, tjáð sig frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu |
| September | Ritrún: Rím<br>- Skrifa upp ljóð í Sögubók bls. 7 Ritrún<br>- Semja ljóð með rími<br>- Æfum 20-50 af 100 algengustu orðunum<br>Litla Lesrún: Pöndur<br>Litla Lesrún: Þrívíð form<br>Lestrarátak | Æfa sig að standa og tjá sig frammi fyrir hóp.<br><br>Endursegja texta.<br><br>Hlusta með athygli.<br><br>Hljóðlestur og heimalestur. | **Hlustun og áhorf**<br>hlustað og horft af athygli á valið efni og greint frá upplifun sinni<br><br>**Lesfimi**<br>beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel og merking texta komist til skila |
| Október | Ritrún: Tölur og töluorð<br>- Skrifa upp ljóð í sögubók á bls 12 í Ritrúnu<br>- Finna töluorð, klippa og líma<br>- Æfum 50-80 af 100 algengustu orðunum<br>Litla Lesrún: Sæhestar<br>Litla Lesrún: Ormar ofurhetja<br>Lestrarátak | Skriftarþjálfun<br><br>Nemendur vinna í vinnubók.<br><br>Stöðvavinna | **Orðaforði**<br>beitt góðum orðaforða við að skilja texta og notað einfaldar aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða<br><br>**Lesskilningur**<br>skilið augljós efnisatriði valinna texta, greint og lagt mat á inntak þeirra og dregið einfaldar ályktanir. |
| Nóvember | Ritrún: Fuglar og stafir<br>- Skrifa upp ljóð á bls 12 í Sögubók<br>- Æfum 80 – 100 af 100 algengustu orðunum<br>Litla Lesrún: Snigillinn Snúður<br>Litla Lesrún: Fötin okkar<br>Lestrarátak | Leitast er við að efla orðaforða og málvitund í töluðu máli og með sögulestri.<br><br>Læra að umgangast bókasafnið. | **Lestrarmenning**<br>valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri<br><br>Lestur og túlkun bókmennta unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum |
| Desember | Ritrún: Fiskar<br>- Skrifum upp Fagur fiskur í sjó. Lærum vísuna og hreyfingar í pörum.<br>Jólaþema. Unnið með íslensk kvæði og jólalög í ritun og framsögn. | Velja bækur eftir getu og áhugasviði.<br><br>Sögustund í stofu<br><br>Yndislestur | **Ljóð**<br>Áttað sig á grunneinkennum ljóða og unnið með innihald þeirra.<br><br>**Skrift og frágangur** |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Vorönn**<br><br>Janúar<br><br><br><br><br><br><br>Febrúar<br><br><br><br><br><br><br><br>Mars<br><br><br><br><br><br><br>Apríl<br><br><br><br><br>Maí | Ritrún: Skólinn –skólataskan<br>- Nemendur skrifa og lesa upp kvæði Að lesa og skrifa bls. 89 í Ljóðsprotum<br>Litla Lesrún: Silja og Lilja<br>Litla Lesrún: Líkaminn okkar<br><br>Ritrún: Veturinn<br>- Skrifa upp ljóð á bls. 27 og lesa upp.<br>Litla Lesrún: Ofurhetjur<br>- Sjón – Lína<br>- Járni<br>- Steingrímur<br>- Teygju-Tinna<br><br>Ritrún: Dýraheiti<br>- Nemendur skrifa upp Hani, krummi hundur svín.<br>Litla Lesrún: Viskustykki<br>Litla Lesrún: Strútar<br><br>Ritrún: Ævintýri<br>- Nemendur semja sögu<br>- Ritun æfð<br>Litla Lesrún: Orðaspil<br>Litla Lesrún: Strútar | Vinalestur | dregið rétt til stafs, skrifað skýrt og læsilega og á lyklaborð<br><br>**Uppbygging texta**<br>búið til setningar og málsgreinar og notað til þess algengar samtengingar,<br><br>**Textategundir og málnotkun**<br>skrifað ólíkar textategundir og skilur að hverjum texta er ætlað ákveðið hlutverk.<br><br>**Fjölbreytt málnotkun**<br>beitt töluðu máli og rituðu af nokkru öryggi og með orðaforða og málskilningi sem hæfir aldri<br><br>**Sköpunarkraftur**<br>áttað sig á sköpunarmætti tungumálsins svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki<br><br>**Gögn og hjálpartæki**<br>raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag. |

Námsmat:

- Vinnubækur, metinn verður frágangur og skilningur.
- Hæfni nemenda til lestrar og ritunar verður könnuð. Lesfimipróf verða lögð fyrir þrisvar yfir árið.
- Að nemandi hafi náð góðum skilning á námsefninu

**Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.**